

MÁLASAFN

013.4

Raforkumálastjóri  
Vatnamælingar

Skilagrein 170

Ave

VARMA hjá ALAFOSSI

13.2. '59  
S. Rist

Hinn 19.marz 1957 óskaði Ásbjörn Sigurjónsson, forstjóri Álafossi, eftir aöstoð vatnamselinga við könnun á rennsli Varmár.

Vatnamselingarnar töldu rétt að mæla ána með yfirfallsstíflu og byggðu Ásbjörn og menn hans mælistíflu samkvæmt leiðbeiningum í bæklingnum "Leiðbeiningar um mælingar á vatnsrennsli í smááum og laekjum".

Athugun þessi á rennsli Varmár var gerð vegna ágreinings milli Ásbjarnar og Hitaveitu Reykjavíkur um það, hversu mikið Hitaveitan rýrði Varmá.

Þess vegna skrifuðu vatnamselingarnar eftirfarandi bréf til jarðhitadeildarinnar hinn 1. nóv. 1957.

1.nóv.1957  
B3 Ým JG

Jarðhitadeild  
Gunnar Böðvarsson

Með bréfi, dags. 19.marz. s.l., óskaði hr. forstjóri Ásbjörn Sigurjónsson að rennsli Varmár hjá Álafossi yrði athugað.

Vatnamselingarnar hafa nú athugað ána og mælt nokkrum sinnum á yfirfalli.

Fyrir Ásbirni vakir að fá mér því skorið, hve dælustöð hitaveitunnar rýrir mikið rennsli Varmár, en ágreiningur er um það atriði á milli Ásbjarnar og hitaveitunnar.

Vatnsafl Varmár um Álafoss hefur verið notað allt síðan 1895 er Björn Þorláksson höf þar ullarvinnslu, en þrátt fyrir það eru engin gögn til um rennsli árinnar í gagnasafni vatnamselinganna.

Það elsta, sem vatnamselingar hafa varðandi rennsli Varmár, er afrit af skyrslu Magnúsar Konráðssonar, verkfr. frá 28. júní 1927, en það afrit sendi Ásbjörn til vatnamselinganna. Magnús Konráðsson gerir kostnaðarástlun um stíflu í Varmá og segir þetta um rennsli árinnar:

"Samkvæmt meelingum þeim, sem ég gerði f vor í Varma, reyndist vetrasmagnið ca 300 l/sek, en þar sem vatnsmagnið var þá óvenju lítið, sökum langvarandi burka er gert ráð fyrir að hægt sé að reikna með 400 l/sek sem meðalvatnsmagni eða 0,4 m³ sek .....

Auk þessa hefur Sigurður Ólafsson verkfr. athugað ána á vegum hitaveitunnar að því er Ásbjörn hefur tjað vatnamselingunum.

Samkvæmt athugunum vatnamselinganna meildist rennslið sem hér segir:

Dagsl.	Varmá (neðan S.d. lækjar)	Skammdalslækur l/s
12. júní	156	8
12. júlí	100	
3. "	105	2
4. "	49	
8. "	116	
9. "	105	
10. "	85	
11. "	105	
22. "	75	
17. ágúst	85	

Fyrsta meelingin b.e.a.s. 12.6. er gerð með straumhraðameli, en hinar síðari með meilistíflu og sá Ásbjörn og starfsmenn hans um álestra. Hinn 22. júlí, þegar 75 l/s voru í ánni, hefur Ásbjörn það eftir gosulumönnum dælustöðvarinnar að 57 l/s hafi runnið þar út í ána, svo að annað rennsli til árinnar hefur aðeins numið 18 l/s.

Þá segir Ásbjörn að ástand árinnar hafi mjög breytzt á vetrum, áður fyrr hafi ekki komið á hana ís né grunnstingull í botninn, en nú frjósi hún gjarnan og fyllist af krapa.

Vatnamselingarnar hafa ekki kynnt sér skýrslu Sig. Ól. verkfr., enda lífta þær svo á, að þetta mál eigi að falla undir jarðhitadeildina, sem fái þá skýrslu Sig. Ól. ásamt öðrum gögnum frá hitaveitunni ef þurfa þykir.

Eins og aður er sagt óskar Ásbjörn að reynt verið að komast að því sanna um það, hversu dælustöðin rýrir mikið rennsli Varmár, en það er jafnframt hans álit, að rétt sé að gefa því gaum og athuga, ef unnt er, hvort boranir að Norður-Reykjunum kunni ekki einnig að hafa áhrif fá átt að minnka aðstreymi til linda á vatnasviði Varmár.

Að endingu skal gerður hér samanburður á úrkomunni hér f Reykjavík fyrri hl. áranna 1927 og 1957 eins og hún meðist hjá Veðurstofunni.

	1927 mm	1957 mm
Jan.	84,9	132,0
Febr.	166,9	26,9
Marz	56,7	22,8
Apríl	69,3	63,6
Máí	<u>36,7</u>	<u>95,9</u>
	414,5	341,2
Júní	29,0	31,9
Júlí	38,5	30,2
Ágúst	36,2	71,6

Vatnamselingarnar eru reiðubúnar að mæla rennsli Varmár frekar ef ástsöða er talin.

Virðingarfyllst,

SR/aj

Gunnar Böðvarsson mun ekki hafa séð ástsöðu til að gera neitt í þessu máli.

Ásbjörn hefur annað veifið verið á ámálga könnun á vatnssýrnun Varmár og óskað eftir álítsgjörð vatnamselinganna þar að lútandi. Vatnamselingarnar hafa færst undan þeirri beiðni, enda er hann aðeins annar aðilinn að þessu máli og vatnamselingarnar hafa ekki kynnt sér starfsháttu dælstöðva Hitaveitunnar og telja sér það ekki skyldt sbr. bréfið til jarðhitadeildarinnar

Hinn 23.ágúst s.l. athuguðu vatnamslingar mealistífluna í Varmá skv. beiðni Ásbjarnar, en gerðu ekki gangskör að frekari rannsóknun, enda gerðu vatnamslingarnar sér vonir um að þetta mál væri úr sögunni:

Í mealisbók frá 23. ágúst segir svo:

Varmá, Álafossi

Mealistífla thuguð:

Rétthyrnings yfirfall

Lengd skarðs = 100 cm.

Þróskuldshæð = 30 cm.

Álestur 23/8 kl. 18 11 cm.

Stífflan í lagi: Q = 67 l/s

Framhjá stíflunni seig nálagt 1 l/s

Varmá því sem næst 68 l/s

23/8

S. Rist

Ásbirni var tilkynnt um þessa niðurstöðu, sem var í samræmi við athugun hans.

Svo leið tíminn fram til 14. jan. s.l., en þá hringdu þeir Sveinn Torfi Sveinsson verkfresöingur hjá Hitaveitu Reykjavíkur og Ásbjörn á Álafossi og óskuðu eftir að verkfresöingar Hitaveitunnar og undirritaður vatnamselingamaður, meðtu koma því við að hittast hinn næsta dag hjá mealistíflunni í Varmá. Úr því varð þó eigi fyrr en hinn 16., en þá athuguðu þessir þrímenningar mealistíflu Varmár:

Hitaveitustjóri Helgi Sigurðsson

verkfr. Hitav. Sveinn Torfi Sveinsson

og undirritaður.

Veður var stillt, bjart, nekkuð frost, en svo hafði verið undanfarið. Lítill snjór á jööru og ár vatnslitlar.

Mealistífla Varmár:

Lengd skarðs 100 cm. (100 - 101 cm)

Þróskuldshæð 30 cm.

Álestur      Álestur 23/1 kl 11 10,7 cm, en þá gefur  
 $Q = 65 \text{ l/s}$

Framhjá stíflunni láku 5 til 6 l/s, svo að  
rennsli VARMÁR var 70 l/s  
Vatnshiti  $12,1^{\circ}\text{C}$ .

Frá meistíflunni héldu þrímenningarnir að Bjarnarvatni.  
Sigurjón faðir Ásbjarnar gerði á sínum tíma stíflugarð  
neðan vatnsins og fékk þar nokkra uppistöðu. Samkvæmt  
korti AMS series C 762 Sheet 5519 III er vatnsvið Bjarna-  
vatns  $0,8 \text{ km}^2$  og starð vatnsins sjálfs  $0,107 \text{ km}^2$ . Þegar  
við þrímenningar komum að vatninu var það undir ísi og snjó  
og ekkert, eða nær ekkert, rennsli úr því, eins og við var  
að búast í slíkum frostakafla, og þar eða vatnsviðið er svo  
lítio sem raun er á. Í gilskorunni neðan vatnsins örlaði  
á steypum stíflugarði. Dýpi flóðgáttar var kannað lauslega  
með tréstöng sem rekin var niður í snjóinn. Svo virtist,  
sem að þarna hafi verið unnt að ná 2 til 2,5 metra vatns-  
borðshækkun, þ.e.a.s. geyma um 200 til 260 þús. m<sup>3</sup> vatns  
og miðla því í frost- og þurrkaköflum.

Tel ástæðulaust að rekja þetta nánar hér. Það var og er  
ekki súlunin með þessari skilagrein að gera álítsgerð um  
vatnsþýrnun varmár, heldur aðeins safna saman þeim rennslis-  
athugunum, sem gerðar hafa verið.

13.2. '59

S. Rist

*S. Rist*